

AUGLÝSING

um ökutækjatryggingar.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 91. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 84/1998, er ákveðið að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækja samkvæmt 2. mgr. 91. gr. skuli vera 1.090 millj. kr. vegna líkamstjóns eða vegna missis framfæranda og 186 millj. kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Samkvæmt heimild í 4. mgr. 92. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 32/1998, er ákveðið að váttryggingarfjárhæð slysatryggingar ökumanns og váttryggingartaka samkvæmt 1.-3. mgr. 92. gr. skuli vera 82 millj. kr.

3. gr.

Samkvæmt heimild í 4. málsl. 3. mgr. 6. gr. reglugerðar um lögmæltar ökutækjatryggingar, nr. 556 29. desember 1993, sbr. reglugerð nr. 309/1999, er ákveðið að hámark eigin áhættu váttryggingartaka samkvæmt 2. málsl. 3. mgr. 6. gr. skuli vera 92.000 kr. fyrir einstakling og 198.000 kr. fyrir rekstraraðila, svo og að hámark eigin áhættu samkvæmt 3. málsl. 3. mgr. 6. gr. skuli vera 33.000 kr.

4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um ökutækjatryggingar, nr. 173 15. mars 1999.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. apríl 2000.

Sólveig Pétursdóttir.

Ólafur W. Stefánsson.